

fólgin, að lifa andlegu samlífi með Jesú Kristi, mannkynsfrelsaranum,—þeir allir, sem ekki geta hugsað um sjálfa sig öðru vísi en sem glataða menn, ef þeir fyrir einhver ill örlög yrði frá honum slitnir,—þeir allir, sem í samleiða trú á hið alþekktu, ógleymanlega orð hans: „Eitt er nauðsynlegt“,—þeir allir geta líka fyllilega skilið, hve ómetanleg náðargjöf það hlýtr að hafa verið fyrir forfeðr vora sem þjóð að fá til sín kristindóminn á löngu liðinni öld. Menn myndi skilja það, þótt þeir væri með öllu ófróðir um sögu þjóðarinnar bæði fyrir og eftir kristnitökuna. Allir kristnir menn myndi ganga út frá því sem sjálfsögðu, að það, sem þeir persónulega hafa reynt sér verða til mestrar blessunar, kristindómrinn, hafi einnig hlotið að verða þjóðinni í heild sinni til hins sama, ómetanlegrar, drottinlegrar hamingju. En svo er nú hins vegar góðum guði fyrir það að þakka, að allr þorri íslenzkrar alþýðu hefir náð að komast yfir svo mikla sögulega þekking á hag forfeðra vorra úti á Íslandi, að menn vita líka beinlínis með fullkominni vissu úr þeirri átt, að það var alveg framúrskaranda heillaspor, sem þjóð vor til forna sté með kristnitökunni.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að tíminn allr, sem leið frá landnámi Íslands til kristnitökunnar, var fyrir þjóðina í heild sinni mjög kuldaleg, dinn og grimur nærtíð. Hin villta víkingslund, harðneskjan, hefndargirnir var þá alráðandi. Oss er að vísu unaðr að hugsa um hreystina og hugrekkið, sem kemr fram svo glæsilega hjá hinum heiðnu köppum þeirrar fornaldar. Og vér gleymum því ekki, að það er líka þá til göfugr drengskapr hjá ýmsum þeirra forn-íslenzku höfðingja. En þegar vér hugsum um það, að lang-mestr hluti þjóðarinnar er þá ánaudugir þrælur, áu allra mannréttinda, og í annan stað um það, að höfðingjarnir, frjálsu mennirnir, geta aldrei á sárs höfði setið hver við annan, að allsstaðar logar ófriðareldrinn, að vígaferlin og hryðjuverkin eru eins og daglegt brauð, að landið allt flýtr í blóði, og aðal-trú manna er trú á sinn eigin mátt og megin, — þá getum vér ómögulega litið á þá heiðnu öld öðruvísi en sem nótt — ómurlega, nálega stjörnulausa, helkalda vetrarnótt. En með

kristn
þá áre
Ísland
und
minnl
inum
1000.
einum
ið gar
lífinu.
haldi
Sögu
sem r
landin
ljósi
þjóða

anna
meira
að er
hvort
andi
báðu
engur
en hi
sagði
eins
kostl
sinni
kasta
vegir
hann
að k
hvers
mann
brá s
stund